

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Eskifjarðarkaupstaðar á lóðum og fasteignum á Eskifirði.

Eskifjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum mannvirkjum og lóðum sjávarmegin við Strandgötu, frá 2—120, en það eru eftirtaldar eignir, lóðir og lóðarréttindi:

Lóðir — Mannvirki:	Skráðir eigendur:
Strandgata 2	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata 4	Friðþjófur hf.
Strandgata 6	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata 8	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata 10	Bóas Emilsson
Strandgata 14	Eyri hf.
Strandgata 28 c	Bóas Emilsson
Strandgata 28 a	Gunnar Auðbergsson
Strandgata 30 a	Björg hf. — Seley hf.
Strandgata 32	Karl Símonarson
Strandgata 34	Helgi Garðarsson
Strandgata 36	Skeljungur hf.
Strandgata 38	Jón Kjartansson hf.
Strandgata 38 a	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata 40	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata 44 a,b,c	Pöntunarfélag Eskfirðinga
Strandgata 46 a	Pöntunarfélag Eskfirðinga
Strandgata 46 b	Olíuverslun Íslands
Strandgata 48	RARIK
Strandgata 50	Kaupfélagið Björk (SÍS)
Strandgata 54	Kristinn Guðmundsson
Strandgata 56	Viggó Loftsson
Strandgata 58	Málmfreð Árnason/Stefán Guðmundsson
Strandgata 60 b	Guðjón Gíslason/Jón Stefánsson/Gunnar Hallgrímsson
Strandgata 64—66	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata 68	Hafalda hf.
Strandgata 70	Friðrik Árnason
Strandgata 72	Guðni Jónsson d.b.
Strandgata 76	Jón Kjartansson hf.
Strandgata 78	Guðjón Hjaltason
Strandgata 80	Ragnar Björnsson/Arnar Kristjánsson
Strandgata 82	Jón Guðmundsson
Strandgata 84	Guðmundur Stefánsson
Strandgata 86 a	Sæberg hf.
Strandgata 86 b	Kaupfélagið Björk (SÍS)
Strandgata 86 c	Rækjuvinnslan sf.
Strandgata 88	Ingvar Gunnarsson o. fl.
Strandgata 90	Eiríkur Þorkelsson
Strandgata 92	Reynir Hólm
Strandgata 94	Sporður hf.
Strandgata 96	Martha Klausen/Thor Klausen
Strandgata 98 b	Egill Karlsson/Sporður hf.
Strandgata 120	Kjartan Björgvinsson

Ennfremur áskilur Eskifjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt á öllu landi og mannvirkjum fyrir botni fjarðarins og í dalnum.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Eskifjarðar hefur gert samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1923, öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 307.

21. júlí 1976.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Þórshafnarhreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og til-lögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og verðbréfavíðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl og hvað annað sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það sem nauðsynlegt er hverju sinni og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsam-